



Hin frábæra fjölskyldumynd

Aulinn ég Despicable me með íslenskum texta

verður sýnd í **Skjólbrekku**
fimmtudaginn 3. mars kl. 18:00.

Popp- kók og sjoppa á staðnum.
Aðgangseyrir: 750 kr. fyrir 8 ára og yngri
og 1.000 kr. fyrir eldri.

Bíósýningin er fjáröflun hjá 9. og 10. bekk
Reykjahlíðarskóla og hagnaður af sýningunni
rennur óskiptur í ferðasjóð skólans.

**Mætum öll og skemmtum
okkur saman.**

Kvenfélag Mývatnssveitar.

Aðalfundur Kvenfélagsins verður haldinn
miðvikudaginn 2. mars kl. 20:00 í Skjólbrekku.

Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar

Munið árgjaldið 1.000 kr.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

**Ath. fundurinn
er í kvöld**

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

9. tbl. 3. árg. miðvikudagur 2. mars 2011

Afmælisbörn dagana 2. mars — 8. mars 2011

2. Guðný Halldórsdóttir.
3. Hanna Kristín Pétursdóttir, Arnljót Anna Jóhannsdóttir.
4. Álfðis Sigurveig Stefánsdóttir, Ómar M. H. Zarioh.
7. Arna Þóra Ottósdóttir, Þorsteinn Aðalsteinsson.



Eldri borgarar athugið.

Hefðbundin samverustund hefst að
nýju fimmtudaginn 3. mars.

Sveitarstjóri.

Mýflugan

MUNIÐ!!!

Munið að senda inn auglýsingar
fyrir kl. 14:00 á mánudaginn.
Mýflugan mun koma út **þriðjudagana 8., 15. og 22. mars.**
Auglýsingar þurfa því að berast **fyrir kl. 14:00**
á mánudegi.

Netfang: myflugan@emax.is
eða í síma 866 0311

Kveðja, Hrafnhildur.



Mývetningar ath.

Guðsþjónustan sem vera átti 6. mars færist til 13. mars og verður sameiginleg guðsþjónusta sóknanna í Reykjahlíðarkirkju.

Þá ætlum við að hafa guðsþjónustu með negrasálum (negro spirituals) með mikilli og góðri sveiflu. Betur tilkynnt síðar.

Krakkar!

Minum á kirkjuskólann og TTT starf næstkomandi sunnudag 6. mars, í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00 og kirkjuskólann í Skútustaðakirkju klukkan 14:00.

Kæru foreldrar barna.

Þetta eru góðar stundir með börnunum og tilvalið fyrir foreldra að koma með þjónana og taka nokkrar lykkjur á meðan við börnin skemmtum okkur með sögum og söng.

Hlökkum til að sjá ykkur.
Örnólfur, Þuríður og Svavar

Grein um hundasleðamótið

Sleðahundamót á Mývatni, sunnudaginn 13.mars



Dagana 11. - 12. mars 2011 verður haldið hundasleða og skikj-
ikjoring námskeið á Mývatni en þátttakendur verða yfir þrjátíu
manns og enn fleiri hundar. Leiðbeinandi verður Ararad
Khatchikian sem rekur sleðahundafyrirtæki í ítölsku ölpunum,
hann hefur einnig mikla reynslu af sleðahundakeppnum. Ararad kom til Íslands árið
2006 í sama tilgangi en þá var námskeiðið haldið á Vatnajökli á vegum Rósu Bjarkar
Halldórsdóttur sem flutti inn fyrstu sleðahundana til Íslands fyrir 10 árum. Fyrsta
Íslandsmeistaramót Sleðahundafélags Íslands í kúski (mushing) verður svo haldið á
sunnudeginum eftir námskeiðið. Það er opið fyrir áhorfendur og hvetjum við alla til
þess að mæta og fylgjast með. Stefnt er að því að halda mótið á vatninu en ef snjóá-
lög verða ekki hagstæð þar þá verður keppnin ofan við Leirhnúk í Kröflu segir Rósa
Björk að lokum.

Nánar auglýst í næstu Mýflugu.

Snyrtipinninn auglýsir



Það eru tvö ár síðan ég opnaði
snyrtistofuna mína Snyrtipinnann.

Ég ætla að halda upp á það með því
að vera með 25% aflsátt af öllum meðferðum í mars.


Ekki láta þetta glæsilega tilboð framhjá þér fara.

Tímarpantanir í síma 4643200

OPNUNARTÍMI	
Mán	16:00-21:00
Þri	lokað
Mið-fös	10:00-18:00
Lau-sun	lokað

Búnaðarfélag Skútustaðahrepps
heldur fund um áburðarmál í Kaffi Borgum
fimmtudaginn 3. mars kl. 14:00.

Stjórnin.



Aðalfundur Félags eldri Mývetninga

verður haldinn í Vogafjösi, sunnudaginn 6. mars kl. 15:00.

Venjulega aðalfundarstörf.

Við hvetjum eldri Mývetninga sem ekki eru í félaginu til að ganga í félagið og starfa með okkur.

Ath. að maður er manns gaman.

Vogafjós býður upp á kaffi og pönnukökur.

Stjórnin.



Aðalfundur GKM

Aðalfundur Golfklúbbs Mývatnssveitar verður haldinn miðvikudaginn 9. mars kl. 20:00 í golfskálanum Krossdalsvelli.


Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf,
önnur mál.

Félagsmenn hvattir til að mæta og hafa áhrif á framtíð klúbbsins.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.



Sælir kærur sveitungar!

Í tilefni af fertugsafmæli Ómars þann 4. mars langar okkur að bjóða vinum að koma og gleðjast með okkur á Gamlabænum kl. 22:00 og eitthvað fram eftir nóttu!

Kveðja, Ómar Zarióh og María



Aðalfundur Húsavíkurdeildar Rauða kross Íslands.

Aðalfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 9. mars kl. 20:00 í húsnæði deildarinnar í Nausti á Húsavík.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar.



Rauði kross Íslands
Húsavíkurdeild

Stjórn Húsavíkurdeildar
Rauða kross Íslands

Ágætu sveitungar

Langaði til að minna ykkur á að síðasti skiladagur könnunarinnar minnar er 4. mars n.k. Henni má skila í Sparisjóðinn í Reykjavík og á Laugum og á skrifstofu Skútustaðahrepps. Einnig tekur Rúna póstur við umslögum, hvort sem þau eru sett í póstkassa eða afhent henni beint.

Þátttaka í könnuninni er að sjálfsögðu frjáls en miklu máli skiptir að sem flestir íbúar taki þátt. Spurningalistinn er nafnlaus og svör verða aldrei rakin til einstaklinga.

Það er mér mikils virði að sem flestir taki þátt!

**Með fyrirfram þökk,
Margrét Hólm**